



Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi

Fundargerð

119. stjórnarfundur Símenntunar á Vesturlandi var haldinn kl. 10 miðvikudaginn 22. febrúar 2023.

Fundurinn er haldinn í kennslustofu Símenntunar, Bjarnarbraut 8, Borgarnesi. Mætt: Bjarki Þorsteinsson formaður, Anna Jóna Kristjánsdóttir, Silja Steingrimsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir (á Teams) og Guðrún Vala Elísdóttir framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund, bauð fundargesti velkomna og gengið var til dagskrár

- 1) **Fundargerð frá síðasta fundi lögð fram til samþykktar.** Framkvæmdastjóri gerði eina athugasemd við dagsetningu og leiðréttir, annars telst fundargerð samþykkt.
- 2) **Starfsáætlun fyrir 2023 lögð fram.** Framkvæmdastjóri lagði starfsáætlun 2023 fyrir stjórn og fór ítarlega yfir hvern þátt fyrir sig. Unnið er áfram að verkefnum tengdum fyrirtækjaþjónustu og stofnunum „fræðslustjóra að láni/til leigu“ og raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf. Áhersla á aukna íslenskukennslu og þjónustu við innflytjendur, undirbúning á samstarfi við stéttarfélagin um námskeið, gæða- og mannauðsmálum o.fl. Stjórn þakkaði fyrir vel unna og greinargóða áætlun og samþykkti samhljóða. Starfsáætlun verður sett á vef Símenntunar.
- 3) **Fjárhagsáætlun fyrir 2023 lögð fram.** Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun lið fyrir lið. Gert er ráð fyrir tekjum upp á 138.497.000 kr en útgjöldum að krónum 134.825.000. Í tekjum er gert ráð fyrir aukinni sölu á námskeiðum, aukinni fyrirtækjaþjónustu o.fl. Í útgjöldum er fyrir séð að húsaleiga verður talsvert hærri vegna flutninga á Akranesi og launaliður hækkar í samræmi við hækkanir á vinnumarkaði. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.
- 4) **Aðalfundur 2023** verður haldinn 22.mars að Hótel Hamri. Uppgjöri er að ljúka og ársreikningar verða sendir á stjórn til umfjöllunar með góðum fyrirvara. Stefnt á teams fund í kringum 10. mars. Rætt um hverjir gefa kost á sér áfram í stjórn. Tillaga um að stjórn verði óbreytt áfram en framkvæmdastjóra falið að heyra í Lilju Björg Ágústsdóttur sem hefur skipt um starfsvettvang og kanna með stjórnarsetu hennar áfram.
- 5) **Staða verkefna** – framkvæmdastjóri veitti nánari upplýsingar um verkefnastöðu Símenntunar. Mjög margt er í gangi m.a. fjórar námsleiðir FA, sjö íslenskunámskeið, fræðslustjóri að láni/til leigu verkefni í virkni, og fleiri í undirbúningi. Námskeið fyrir fatlaða,

tæknilæsi fyrir eldri borgara, velferðarverkefni, innflytjendaverkefni, raunfærnimat, ráðgjöf, námsferð, erlend þróunarverkefni o.fl. auk flutninga á Akranesi.

- 6) **Starfsmannamál** eins og stendur eru 3,75 stöðugildi hjá Símenntun og fimm aðilar sem sinna þeim. Framkvæmdastjóri óskar eftir að fá að ráða reyndan verkefnastjóra til starfa og var einhugur hjá stjórn að styðja það.
- 7) **Önnur mál -engin önnur mál.** Formaður þakkaði fyrir góðan fund, bað að heilsa starfsfólki Símenntunar og sleit fundi. Fleira ekki gert.